

Ed.

552. Nefndarálit

[162. mál]

um frv. til l. um verðlagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta á tveim fundum, og er undirritaður meiri hluti nefndarinnar sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með neðangreindri breytingu. BjörnJ áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og hefur ekki tekið afstöðu til breytingartillögu meiri hlutans. KK skilar séráliti.

BREYTINGARTILLAGA:

1. gr. orðist svo:

Með verðlagsákvæðanir fer sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fimm nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

Alþingi, 27. maí 1960.

Ólafur Björnsson,
form.

Jón Þorsteinsson,
frsm., fundaskr.

Magnús Jónsson.